

**Garður:****Veruleg  
hækkun  
vatnsgjalds**

Garði.  
ÞESSA dagana eru að læðast inn um bréfalúgur landsmanna álagningarseðlar yfir fasteignagjöld ársins 1992. Hækkun milli ára 1991-1992 eru tæp 20% og þegar grannt er skoðað er það svokallað vatnsgjald sem hækkar langmest eða um 80%.

Að sögn Sigurðar Jónssonar, sveitarstjóra, er þessi mikla hækkun vegna nýrra laga frá Alþingi þar sem nú er miðað við svokallaðan álagningarstofn þegar reiknað er út vatnsgjald en hingað til hefur verið reiknað út frá fasteignamati. Fasteignamat milli ára 1991 og 1992 hækkaði hins vegar um tæp 5%.

Sum byggðarlög í landinu lækkðu álagningarprósentu vatnsgjalds þannig að þessi hækkun kom ekki af fullum þunga á íbúana en engar ákvarðanir hafa verið teknar hér í Garðinum um breytingu á álagningarprósentu.

Þá má einnig minna á að veruleg hækkun varð á fasteignagjöldum milli ára 1989 og 1990 vegna breyttra reglna í samskiptum ríkis og sveitarfélaga en þá hækkuðu fasteignagjöld almennt um þriðjung.

— Arnór.

**Sýning á ljóðum  
Hannes-  
ar Sigfús-  
sonar skálds**

OPNUÐ verður sýning á ljóðum Hannesar Sigfússonar skálds laugardaginn 1. febrúar og stendur hún til 16. febrúar. Þetta er fjórða ljóða sýningin sem Rás 1 og Kjarvalsstaðir gangast fyrir í vetur, en áður hafa þeir Jón úr Vör, Þórarinn Eldjárn og Ísak Harðarson valið frumsamin ljóð og sýnt á svipaðan hátt og Hannes Sigfússon gerir nú: ljóðin eru tekin og stækkuð myndarlega upp, þannig að gestir Kjarvalsstaða geti notið þeirra á nýstárlegan og óvæntan hátt.


Allt frá því Hannes Sigfússon (f. 1922) gerðist einn af frumkvöðlum endurnýjunar í íslensku ljóðagerð með bókinni Dymbilvöku árið 1949, hefur hver bók frá hans hendi þótt sæta tíðindum. Nýjasta bók hans og sú sjöunda, Jarðmunir, var tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna á ár, en auk þess að yrkja hefur Hannes Sigfússon þýtt norrænar bókmenntaperlur á íslensku.

Ljóðasýning Hannesar Sigfússonar verður opnuð við hátíðlega athöfn klukkan 17 á laugardag og verður samkoman send beint út í Leslampanum á Rás 1.

Fréttatilkynning

■ **UMSÓKNARFRESTUR** um styrki úr Menningarsjóði útvarpsstöðva til framleiðslu menningarlegs dagskrárefnis fyrir sjónvarp og hljóðvarp rann út 20. janúar sl. Alls bárust umsóknir frá 59 einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum samtals að fjárhæð um 500 milljónir kr. Til úthlutunar eru um 30 millj. kr. Stjórn sjóðsins mun á næstu vikum taka ákvörðun um úthlutun fjársins á grundvelli mats á menningarlegu og listrænu gildi þeirra verkefna sem sótt er um styrk til. Í henni sitja **Hrafn Gunnlaugsson** kvikmyndaleikstjóri, formaður, **Guðni Guðmundsson**, rektor og **Þjórg Einarsson** rithöfundur. Ritari nefndarinnar er **Davíð Þór Björgvinsson**, lögfræðingur.

# HINN EINI SANNI STÓRÚTSÖLU MARKAÐUR BÍLDSHÖFÐA 10



Með lágu verði, miklu vöruúrvali og þátttöku fjölda fyrirtækja hefur stórútsöluarkaðurinn svo sannarlega slegið í gegn og stendur undir nafni.

# hefst í dag kl. 13

**Fjöldi fyrirtækja – gífurlegt vöruúrval****STEINAR**

Hljómplötur — kasettur

**KARNABÆR**

Tískufatnaður herra og dömu

**SONJA**

Tískufatnaður

**PARTÝ**

Tískuvörur

**BOMBAY**

Barnafatnaður

**BLÓMALIST**

Allskonar gjafavörur

**KÁPUSALAN**

Kvenfatnaður

**STRIKIÐ**

Skór á alla fjölskylduna

**KJALLARINN/KÓKÓ**

Alhliða tískufatnaður

**STÚDÍÓ**

Fatnaður

**SAUMALIST**

Allskonar efni

**ÁRBLIK**

Peysur

**X OG Z**

Barnafatnaður

**ÞÚ OG ÉG**

Undirfatnaður

OG MARGIR FLEIRI

FRÍTT KAFFI – MYNDBANDAHORN FYRIR BÖRNIN – ÓTRÚLEGT VERÐ

Opnunartími: Föstudaga kl. 13–19. Laugardaga kl. 10–16.  
Aðra daga kl. 13–18